

Sorpstöð Rangárvallasýslu  
Hlíðarvegi 16  
860 Hvolsvöllur

18. október 2018  
UST201809-280/F.T.  
08.14.02

### **Efni: Samþykkt úrbótaáætlun**

Umhverfisstofnun vísar í bréf sitt frá 21. september sl. þar sem áfórmáð var að áminna rekstraraðila vegna sex frávika sem skráð voru í eftirliti þann 8. júní 2018. Þann 15. október barst stofnuninni úrbótaáætlun rekstraraðila.

#### **Frávakin, sjónarmið rekstraraðila og svör Umhverfisstofnunar eru eftirfarandi:**

- Gr. 1.2 í starfsleyfi.** Skv. gr. 1.2 í starfsleyfi skal magn brennanlegs úrgangs á svæðinu ekki fara yfir 500 tonn en magn timburkurls á svæðinu er yfir þeim mörkum. *Rekstraraðili stefnir að því að allt timburkurl á svæðinu verði nýtt í skjólmanir og til landmótunar á Strönd. Fengin hafi verið til langtímaláns stórvirk vinnutæki til þessara verka og stefnt að því að nýta haustið eins og kostur sé og síðan snemmvor 2019 til þess að klára verkið. Umhverfisstofnun veitir frest til 15. maí 2019 til að ljúka verki. Stofnunin vekur einnig athygli á því að skriflegt leyfi heilbrigðisnefndar þarf til að nýta úrgang til landmótunar.*
- Gr. 1.2 í starfsleyfi.** Á svæðinu er geymdur hænsnaskítur en óheimilt er að geyma lífrænan úrgang á svæðinu þar sem það er ekki sérstaklega heimilað í grein 1.2 í starfsleyfi. *Rekstraraðili áætlar að nýta búffjáráburðinn til uppgræðslu á svæðinu og segir hann ekki ætlaðan til geymslu til lengri tíma. Umhverfisstofnun veitir frest til 15. maí 2019 til þess að dreifa úr eða fjarlægja hænsnaskít (búffjáráburð) sem er í geymslu á svæðinu.*
- Gr. 2.1 í starfsleyfi.** Rekstraraðili skal halda athafnasvæðinu snyrtilegu skv. gr. 2.1 í starfsleyfi. Skipulagi á svæðinu er að einhverju leyti ábótavant, þar má nefna að úrgangur af sömu gerð er geymdur á nokkrum stöðum á svæðinu, t.d hjólbarðar, brotajárn, tréflís og efnabambar. Jafnframt er mikið af hlutum eða mögulegum úrgangi til geymslu á svæðinu, þ.á.m. háspennukefli, gámar, gervigras, hjólbarðar, brotajárn, gamlar fokgrindur o.fl. *Í úrbótaáætlun rekstraraðila kemur fram að stefnt sé að því að bæta umgengni á svæðinu. Stöðin hafi verið undirmönnuð en nú sé full mönnun. Rekstraraðili telur svæðið hafa tekið skakkaskiptum til bóta en stefnt sé að því að skipulag verði komið í gott lag næsta vor. Umhverfisstofnun mun taka úrbætur út í fyrra eftirliti ársins 2019.*
- Gr. 5.4 í starfsleyfi.** Grænt bókhald fyrir árið 2017 hefur ekki borist Umhverfisstofnun en bókhald fyrir undangengið almannaksár á að berast fyrir 1. maí árið eftir. **Umhverfisstofnun hefur fengið viðeigandi skýringar og hefur ákveðið að loka frávakinu.**

5. **41. gr. reglugerðar nr. 884/2017.** Skv. 4. mgr. 41. gr. reglugerðar nr. 884/2017 skal afgreiðsluplan tengt í olíuskilju vera við neyslugeyma til afgreiðslu á bifreiðar. Olíutankur til afgreiðslu á bifreiðar stendur á möl en slíkur neyslugeymir skal standa á plani sem tengt er í olíuskilju. *Í úrbótaáætlun rekstraraðila kemur fram að úrbætur muni fara fram næsta sumar. Umhverfisstofnun veitir frest til úrbóta til 1. júní 2019.*
6. **50. gr. reglugerðar nr. 884/2017.** Skv. 50. gr. reglugerðar nr. 884/2017 um varnir gegn olímengun frá starfsemi á landi, skulu allir olíugeymar staðsettir eða varðir þannig að þeir veðri ekki fyrir hnjaski frá farartækjum. Úrgangsolíutankur sem er á urðunarstaðnum er ekki varður fyrir hnjaski. *Rektraraðili telur sig hafa gert viðeigandi ráðstafanir til að verja úrgangsolíutank fyrir hnjaski. Úrbætur verða tekna út í fyrra eftirliti stofnunarinnar ársins 2019.*

**Umhverfisstofnun fellst á úrbótaáætlun rekstraraðila en úrbætur vegna frávikanna verða tekna út í næsta eftirliti.**


Gjald fyrir vinnu sérfræðings við eftirfylgina verður innheimt samkvæmt gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015, með síðari breytingum. **Gjaldið er 52.800 kr.**

Umhverfisstofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.



Kristín Linda Árnadóttir  
forstjóri

Virðingarfyllst



Frigg Thorlacius  
lögfræðingur